

Nr. 083 / 14 Bogga í Vík HU 6***Strandar norðan Spákonufellshöfða***

Skipaskr.nr. 6780
Smíðaður: Hafnarfirði 1980 plast
Stærð: 7,5 brl. 6,5 bt.
Mesta lengd: 9,14 m Skráð lengd: 9,12 m
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,72 m
Vél: Yanmar 257 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 1



Bogga í Vík ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. september 2014 var Bogga í Vík HU 6 á siglingu í Húnaflóa. Veður: Logn og ládaður sjór.

Eftir að drætti línunnar lauk undan Óðinsboða setti skipstjóri stefnu til Skagastrandar og setti sjálfstýringuna á. Þegar nær dró höfn vék hann úr stýrishúsi til að matast og meðan hann var niðri strandaði báturinn undan fjörunni skammt norðan við Spákonufellshöfða.


Þar sem enginn leki kom að bátnum og útfall var ákveðið að bíða aðfalls en báturinn stóð í hælinn en var á floti að framan. Á flóðinu flaut báturinn út og var dreginn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra sagðist hann hafa slökkt á GPS plotter sem var til hliðar við hann í stýrishúsinu þar sem birta frá honum hindraði útsýni úr stýrishúsinu. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir að með því að slökkva á plotternum hafi hann rofið sambandið við siglingaforrit í fartölvu;
- að hann sagðist hafa fylgt nákvæmlega ferli í tölvunni og taldi sig því vera á réttri leið;
- að samkvæmt siglingaferli og ferilkorti úr AIS tæki bátsins var að meginhluta haldin stefna 138° r.v. og hraði að jafnaði 12,5 hnútar allt þar til komið var upp undir Skaga. Þá voru gerðar lítilsháttar stefnubreytingar kl. 22:57 fyrst í

118 og í 107° og svo fimm mínútum seinna í 130°- 140° og þá var einnig minnkuð ferð niður í 7,5 – 8 hnúta og síðast breytt stefnu í 103° þar til báturinn strandaði kl. 23:09;

- að skipstjóri sagði að áður en hann slökkti á plotternum hafi hann breytt aðeins stefnunni með tillit til ljósa í landi;
- að skipstjórinn kvaðst ekki hafa sofnað;
- að flóð var á Skagaströnd kl. 21:46 og því búið að falla út í rúma klukkustund með hægu suðurfalli.



Ferilskráning bátsins og strandstaður

Nefndarálit:

Orsök strandsins var léleg varðstaða.